

112 / 54 fundur (aukafundur)

Fimmtudagskvöldið 9. ágúst 2001, kom hreppsnefnd saman til fundar að Langanesvegi 2 og hófst fundur kl. 20:10.

Mættir: Sigurður Ragnar Kristinsson, Henryr Már Ásgrímsson, Gunnlaugur Ólafsson, Oddur Skúlason, Þórarinn Jakob Þórisson og Magnús Már Þorvaldsson.

Oddviti setti fund og bauð menn velkomna.

Dagskrá:

1. Mál. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Hreppsnefndarfundur, 21.06.01.
- Aukafundur hreppsnefndar, 26.06.01.
- Sameiginlegur fundur hrepps- og landbúnaðarnefndar, 11.07.01.
- Landbúnaðarnefnd, 05.07.01. Samþykkt samhljóða.
- Skólamálaráð 14.06.01. Samþykkt samhljóða.
- Húsnæðisnefnd, 24.07.01. Samþykkt samhljóða.
- Bókasafnsnefnd, 23.07.01. Sveitastjóra falið að vinna að lausn húsnæðismála bókasafnsins, (sjá lið 3 í fundargerð) í samráði við skólanefnd og bókasafnsnefnd. Samþykkt samhljóða.
- Hafnarnefnd, 09.07.01. Sveitarstjóri kynnti þau mál sem fram komu í fundargerðinni. Samþykkt samhljóða.
- Stjórn Nausts, 26.07.01. Samþykkt samhljóða.
- Skýrsla sveitarstjóra í tengslum við fundargerðir.

2. Mál. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.

- Virkjananefnd, 26.06.01 og stofnsamningur Fossorku ehf dags. 5. júlí 2001. Munnleg tillaga lögð fram af oddvita: " Þórshafnarhreppur leggi fram kr. 700.000,- sjöhundruðþúsund í stofnfé " . Samþykkt samhljóða. Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- Héraðsnefnd, 06.07.01. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2001 fyrir Héraðsnefnd og stofnanir. Samþykkt samhljóða. (Sjá fundargerð 11 liður 6)Gunnlaugi falið að ræða við nágrennasveitarfélög um málið. Samþykkt samhljóða. Fundarg. samþ. samhljóða.

Oddviti óskaði eftir örstuttu hléi, sem var samþykkt samhljóða, síðan hélt dagskrá áfram.

- Náttúruverndarnefnd þingeyinga 18.07.01. Kynning.
- Eyþing 121. fundur 07.06.01. Samþykkt samhljóða.
- Eyþing 122. fundur 27.06.01. Samþykkt samhljóða.
- Heilbrigðiseftirlit N.e. 36. fundur 09.07.01. Samþykkt samhljóða.
- Brunavarnir hreppanna 1. fundur stjórnar 02.07.01. Samþykkt samhljóða.

3. Mál. Kjör oddvita.

Kjör oddvita og varaoddvita Þórshafnarhrepps. Fram fór skrifleg kosning sem fór þannig : Sigurður Ragnar Kristinsson 5 atkv. Oddviti þakkaði traustið. Kjör varaoddvita fór fram á sama hátt, Henryr Már Ásgrímsson 5 atkv. Varaoddviti þakkaði traustið. Sveitarstjóra falið að senda þessi

kosningaúrslit til viðkomandi aðila.

4. Mál. Bóka- og byggðasafn N-Þing.

Tillaga að aðskilnaði. Samþykkt samhljóða.

5. Mál. Heilbrigðisstofnun Þingeyinga v/ sjúkraþjálfara.

Bréf dags 19.06.01. Oddviti lagði fram munnlega tillögu þess efnis, að Þórshafnarhreppur legði fram starfsaðstöðu í íþróttamiðstöðinni fyrir sjúkraþjálfara. Samþykkt samhljóða.

6. Mál. Skýrsla fráfarandi skólastjóra.

Skýrsla fráfarandi skólastjóra grunnskólans á Þórshöfn. Kynning. Fundarmenn lýstu ánægju sinni með skýrsluna og væri hún góður lokapunktur á vel unnu starfi skólastjóra.

7. Mál. Vegagerðin - úthlutun til styrkvega.

Sveitarstjóra falið að úthluta fénu í samræmi við fundargerð landbúnaðarnefndar 1. mars 2001, enda liggi fyrir verkáætlun og greinargerð skal skila í verklok . Samþykkt samhljóða.

8. Mál. Starfsmannahald þórshafnarhrepps.

Oddviti kynnti málið og minnti á skýrslu endurskoðanda, sem kom fram með skilum á ársreikningum s.l. árs. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra í samráði við forsvarsmenn allra deilda sveitarfélagsins að koma með tillögur að hagræðingu og sparnaði og skila því fyrir næsta hreppsnefndarfund, sem áætlað er að halda 23.ágúst 2001. Samþykkt samhljóða.

9. Mál. Einkamál.

oddviti lagði til að þessi liður yrði tekinn fyrir á lokuðum fundi eftir þennan fund og fært í trúnaðarbók. Samþykkt samhljóða.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 22:45.

kristín kristjánsdóttir, ritari.